



Fundargerð 9. fundar stjórnar SSA 10.mars 2020

Fundurinn var haldinn í Austurbú á Egilsstöðum og hófst hann kl 11:00.

Mættir stjórnarmenn SSA voru: Einar Már Sigurðarson, Gunnar Jónsson og Stefán Bogi Sveinsson. Sigríður Bragadóttir og Hildur Þórisdóttir tóku þátt í gegnum fjarfundarbúnað. Pálína Margeirsdóttir boðaði forföll og í stað hennar mætti Jón Björn Hákonarson varamaður.

Mættir starfsmenn Austurbrúar voru: Jóna Árný Þórðardóttir framkvæmdastjóri og Valdís Vaka Kristjánsdóttir sem ritaði fundargerð.

Formaður stjórnar bauð fundargesti velkomna og setti fundinn.

1. Fundargerðir, erindi og ályktanir

- 1.1 Fundargerð frá 8. fundi stjórnar SSA 2019-2020 - *Fundargerðin var staðfest og undirrituð af stjórn.*
- 1.2 Fundargerð 9. og 10. fundar framkvæmdaráðs – *Fundargerðirnar voru lagðar fram til kynningar.*
- 1.3 Fundargerðir stjórnar SSH (481,482,483), SSVN (52,53), Vestfjardastofa (22,23), SSNE (4,5,6), SASS (552,553,554), SSS (753) – *Fundargerðirnar voru lagðar fram til kynningar*
- 1.4 Fundargerð stýrihóps um byggðamál (58) – *Fundargerðin var lögð fram til kynningar*
- 1.5 Fundargerð SV-AUST – *Fundargerðin var lögð fram til kynningar*
- 1.6 Fundargerðir sambandsins (878,879) – *Fundargerðirnar voru lagðar fram til kynningar*
- 1.7 Tilkynning um sameiningu sveitarfélaga – *Bréf frá undirbúningsstjórn lagt fram til kynningar. Framkvæmdastjóra falið að svara bréfinu.*
- 1.8 Málþing umhverfisráðuneytis – *Framkvæmdastjóri lagði fram til kynningar boð á Málþing á vegum umhverfisráðuneytis sem verður haldið þann 19.mars á Þjóðminjasafninu.*
- 1.9 Sameiningarnámsferð sambandsins – *Bréf frá Sambandi Íslenskra sveitarfélaga um námsferð fyrir kjörna fulltrúa lagt fram til kynningar.*
- 1.10 EES EFTA sveitastjórnarvettvangurinn – *Fréttabréf um EES EFTA sveitastjórnarvettvanginn lagt fram til kynningar.*
- 1.11 Ársskýrsla 2018 – brothættar byggðir – *Ársskýrsla Byggðastofnunar um brothættar byggðir lögð fram til kynningar.*
- 1.12 Skýrsla um framvindu byggðaaætlunar – *Skýrslan var lögð fram til kynningar.*

2. Innra starf SSA

- 2.1 Aðalfundur SSA 2020 – *undirbúningur vegna breytinga á samþykktum. Enn er verið að móta drög að tillöggunni. Þegar þau liggja fyrir mun stjórn vinna hana áfram í sameiningu og leggja hana fram á aðalfundi.*
- 2.2 Sóknaráætlun

- Framkvæmdastjóri kynnti drög að áhersluverkefnum sóknaráætlunar. Voru verkefni og áherslurnar ræddar. Framkvæmdaráði er falið að vinna áfram að áhersluverkefnum sem síðan verða endanlega afgreidd á næsta stjórnarfundi.*
- 2.3 Svæðisskipulag – erindi til Skipulagsstofnunar og fjárhagsáætlun
Framkvæmdastjóri kynnti erindi til Skipulagsstofnunar og fjárhagsáætlun. Málið rætt og framkvæmdastjóra falið að fylgja eftir erindinu til skipulagsstofnunar.
- 2.4 Uppbygging innviða – niðurstaða átakshóps ríkisstjórnarinnar
Framkvæmdastjóri fór yfir niðurstöðu átakshóps sem kynnt var nýverið.
<https://www.stjornarradid.is/innvidir/>
- 2.5 Vinna í tengslum við ályktun haustþings tengt áfallþjónustu á Austurlandi
Framkvæmdastjóri kynnti samantekt um vinnustofu tengda áfallþjónustu á Austurlandi sem Austurbrú hélt í janúar. Mikil ánægja var með vinnustofuna og þátttakendur sammála um að verkefnið væri brýnt. Næstu skref felast í því að þróa samstarf aðila áfram. Umræður um að þörf væri etv. fyrir samskonar verkefni á öðrum sviðum.
- 2.6 Fjallskilasamþykkt
Framkvæmdastjóri fór yfir stöðu mála. Framkvæmdastjóra falið að kanna hvort öll sveitarfélög séu búin sé að samþykkja.
- 2.7 Hallormsstaðaskóli
Formaður fór yfir stöðu mála. Fundur var haldinn með stofnaðilum í febrúar. Beðið er eftir viðbrögðum frá ráðuneyti menntamála við bréfi sem var sent. Staðan verður tekin aftur í lok mars.
- 2.8 Fræðslumál – framhald umræðu frá fundinum á Vopnafirði.
Formaður lagði til að skólastjórnendur framhaldsskólanna á svæðinu og fræðslustjórar yrðu boðaðir á næsta stjórnarfund.

3. Umsagnir

- 3.1 Tillaga til þingsályktunar um millilandaflug um Hornafjarðarflugvöll, 67. mál.
<https://www.althingi.is/altext/150/s/0067.html>
- 3.2 Tillaga til þingsályktunar um Alexandersflugvöll sem varaflugvöll fyrir Keflavíkur-, Reykjavíkur-, Akureyrar- og Egilsstaðaflugvelli, 130. mál.
<https://www.althingi.is/altext/150/s/0130.html>
- 3.3. Tillaga til þingsályktunar um um þjóðaratkvæðagreiðslu um framtíð Reykjavíkurflugvallar, 311. mál. (frestur til 19. mars), *Framkvæmdastjóra er falið að senda inn umsögn á grundvelli þeirra draga sem liggja fyrir fundinum.*
<https://www.althingi.is/altext/150/s/0352.html>
- 3.4. Frumvarp til laga um opinber fjármál (Breytingar á dagsetningu á framlagningu fjármálaáætlunar), 145. mál.
<https://www.althingi.is/altext/150/s/0145.html>
- 3.5. Frumvarp til breytingu á lögum um framkvæmdasjóð ferðamannastaða, Samráðsgátt.
[https://samradsgatt.island.is/oll-mal/\\$Cases/Details/?id=2654](https://samradsgatt.island.is/oll-mal/$Cases/Details/?id=2654)
Austurbrú mun skila inn umsögn um málið í samráðsgátt.



4. Önnur mál

4.1. Múlaþing

Formaður sagði frá viðræðum við forsvarsmenn Múlaþings varðandi breytingu á eignarhaldi tímaritsins. Formanni falið að halda viðræðunum áfram.

4.2. Fundur með samgöngunefnd alþingis.

Frásögn formanns af fundinum.

4.3. Fundur framkvæmdaráðs og Vegagerðar

Framkvæmdastjóri sagði frá fyrirhuguðum fundi framkvæmdaráðs og Vegagerðarinnar. Stefnt er að því að taka fundinn í gegnum fjarfundarbúnað.

4.4. HSA

Lagt til að boða stjórnendur HSA á fund

4.5. Hreindýraráð

Framkvæmdastjóri kynnti bréf um sameiginlega tilnefningu sveitafélaganna í hreindýraráð. Tilnefningar skulu berast eigi síðar en 23. mars.

Framkvæmdastjóra falið að leita eftir umboði hjá sveitarfélögum til tilnefningar.

Ekki fleiri mál, fundi slitið kl 14:00

Einar Már Sigurðarson

Gunnar Jónsson

Hildur Þórisdóttir

Jón Björn Hákonarson

Gauti Jóhannesson

Sigríður Bragadóttir

Stefán Bogi Sveinsson